



Íbúafundur 16. Apríl 2016

Skipulag miðbæjarsvæðis

Samantekt athugasemda og greining

Apríl 2016

þekkingarleit -ar kvk

1 að afla þáttanna, það að

vilja yfirlit á e-u >

að f... **ánn** 2

þekkingarleit þrá,

fróðleiksás

árangur ára... xtur,

niðurstaða, það sem > hafa

(bera, gefa) góðan árangur > árangur í

íþróttum 2 / árferði **virðing** -ar, -ar kvk 1 ma... það

að meta til verðs 2 álit, heiður • það að virða > njó...

virðingar / sýna e-m virðingu / bera virðingu fyrir e-u eða

e-m **for|skot** HK 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keppandi

hefur fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.d. að byrja fyrir

eða hefur tekist að komast fram úr þeim > 100 metra forskot / 10

metrana forskot / hafa gott forskot vera fremstur > hafa yfirburði 3 það



15211

S:\2015\15211\vlíbúðarfundur_160407\15211-grg160502-Samantekt fyrir almenning.docx

Apríl 2016

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	2.5.2016	SBo	KP	



Efnisyfirlit

1	Um fundinn og fyrirkomulag hans	3
2	Efni athugasemda sem komu fram	3
2.1	Samgöngur	3
2.2	Húsnæðismál	3
2.3	Umhverfi og almenningsrými	4
2.4	Þjónusta	4
2.5	Skipulag	5
3	Könnun	5



1 Um fundinn og fyrirkomulag hans

Haldinn var íbúafundur laugardaginn 16. apríl 2016 í Félagsheimilinu. Stóð fundurinn frá klukkan 10-13 og var boðið upp á kaffi og morgunbrauð. Til fundarins var boðið með dreifiriti sem barst á öll heimili bæjarins í vikunni á undan. Á fundinn hafa mætt um 80-90 manns og tóku um 60 manns þátt í vinnu á borðum í kjölfarið.

Eftir kynningar á skipulagslegum forsendum fyrir þróun svæðisins var kynnt vinningshugmynd Kanon arkitekta. Þá var komið að því að íbúar legðu sitt til málanna og var unnið í þremur lotum með 5 umræðuefni í gangi í hvert sinn. Hver íbúi gat því tekið þátt í umræðum um þrjú af fimm viðfangsefnum. Að lokum voru umræður um hvert umræðuefni dregnar saman.

Viðfangsefnin voru: Samgöngur, húsnæðismál, umhverfi og almenningsrými, þjónusta og loks skipulag. Umræður voru frjálssar og stóðu í 15 mínútur en borðstjórar höfðu einnig ákveðnar spurningar til að styðjast við svo umræður kæmust af stað.

Safnað var netföngum áhugasamra og fengu þeir senda netkönnun um fundinn.

2 Efni athugasemda sem komu fram

2.1 Samgöngur

Samgöngur voru stór þáttur í umræðum og kom margt fram varðandi samgöngur í umræðum á öðrum borðum sem jafnframt er til tekið hér.

Fólk nefndi mjög víða að mikilvægt væri að skapa pláss fyrir fjölbreytta samgöngumáta og tryggja öryggi allra vegfarenda með aðgreindri umferð. Til dæmis mætti nota tækifærið til að byggja upp aðgreinda stíga fyrir hjólandi umferð og bæta aðstöðu fyrir gangandi.

Nokkuð oft var stungið upp á einhverskonar mislægum gatnamótum við Nesveg og Suðurströnd í mismunandi útfærslum þó. Oftast var rætt um að Suðurströnd yrði lögð í stökk undir Nesveg. En aðrar útfærslur kölluðu á gerð undirganga fyrir gangandi vegfarendur á leið yfir Suðurströnd eða að þar yrði byggð göngubrú.

Flestir lýstu áhuga á því að stöð fyrir Borgarlínu kæmi á Nesveg og rætt um mikilvægi þess að gera aðgengi að stöðinni gott með göngutengingum, yfirbyggðum hjólastæðum, litlum strætisvögnum sem færu um bæinn og nægum bílastæðum fyrir notendur. Einnig kom fram að Borgarlína mætti ekki þrengja að almennri umferð á Nesvegi. Það sjónarmið kom þó einnig fram að ekki væri nein þörf á stöðinni og að litlar líkur væru til að slíkur akstur hefði áhrif á þörf fyrir einkabíla og pláss fyrir þá.

Fólk taldi Suðurströndina nokkuð vandamálsvæði og að þar væri þörf á aðgerðum til að gera þverun gangandi öruggari. Rætt var að umferð bíla myndi aukast frekar en minnka og að umferð um Norðurströnd hefði aukist með auknum ferðamannastraum. Þar var rætt um að hafa mætti hemil á umferðinni með lækkun hámarkshraða eða auknu myndavélaeftirliti.

Það var frekar en annað áhersla á að bílastæðum skyldi ekki fækkað. En einnig stungið upp á ýmsu um hvernig mætti breyta fyrirkomulaginu. Bæði voru uppi sjónarmið um að sveigjanleg notkun á yfirborðsstæðum væri góð eða á hinn bóginn óskynsamleg. Allmargir töldu að ásýnd svæðisins gæti batnað með bílastæðakjöllurum en jafnframt kom fram að ekki mætti hafa þá lokaða og dimma.

2.2 Húsnæðismál

Bæði sjónarmið heyrðust að fjölga bæri íbúum og hins vegar að best væri að halda í horfinu. Þeir sem töldu fyrir fjölgun íbúða og þar með íbúa nefndu að hætta væri á stöðnun eða afturför og að grundvöllur fyrir sterku skóla- og félagsstarfi myndi rýrna án



nýrra íbúa. Hinir sem töluðu fyrir að fjölga lítið eða ekkert bentu á að styrkur samfélagsins á Seltjarnarnesi væri fámennið og nálægð íbúa við stjórnsýslu bæjarins.

Nýjar íbúðir voru almennt taldar eiga að vera fremur litlar og sitthvað nefnt í því sambandi en yfirleitt 2ja-3ja herbergja íbúðir 60-100m². Einnig að blanda bæri stærðum. Ekki var mikið rætt um hvers konar húsnæðisgerðir kæmu helst til greina en ljóst að fólk gerði frekar ráð fyrir að um fjölbýli væri að ræða og þá væntanlega í litlum einingum miðað við ábendingar um að byggingar skyldu ekki vera of háar eða 2-3 hæðir. Einnig stungið upp á að íbúðir yrðu færri en betri.

Rætt var að höfða mætti til eldri borgara og ungs fólks aðallega. En jafnframt að erfitt væri að byggja með ákveðna aldurshópa eingöngu í huga. Þá varað við því að fordæmi af nýbyggingum í bænum væru ekki góð með tilliti til möguleika ungs fólks að kaupa sér íbúðir þar sem verðlagið væri mjög hátt. Eitthvað var komið inn á að nýjar íbúðir sem eldri íbúar keyptu skapaði pláss fyrir yngra fólk að kaupa eldri eignir.

Töluvert var rætt um mikilvægi þess að standa vörð um gæði þeirrar byggðar sem fyrir er og útsýni mikið nefnt í því sambandi.

2.3 Umhverfi og almenningsrými

Almennt var fólk mjög fylgjandi því að nýta skipulagsgerðina til að skapa góð almenningsrými, t.d. torg. Um garða voru skiptar skoðanir þar sem sumir töldu slík svæði víða og þau sem fyrir væru mætti nýta betur, t.d. Plútóbrekku að sumri til. Yfirleitt virðist fólk þó hafa sett ákveðinn fyrirvara við eða haft uppi viðvörunarorð um að umhirðu og viðhaldi sé sinnt svo svæðin njóti sín.

Þá var rætt um mikilvægi þess að almenningsvæði væru áhugaverð og að þar væri eitthvað við að vera. Bæði að þar væru áhugaverðir innviðir svo sem gosbrunnur, leiktæki, kaffihús o.fl. en ekki síður að þar væru einhverjir viðburðir (flóamarkaður, hátíðarhöld) og að þjónusta við torg komi út á torg og götu. Einnig bent á þörf fyrir hundasvæði.

Fólk sér tækifæri í að uppfæra þá aðstöðu sem þegar er: planta trjám, fá skemmtilega lýsingu og lagfæra undirlag með tilkomu nýs skipulags og framkvæmda.

Almenningsvæðin ættu að vera vel tengd stígakerfi og gönguleiðum bæjarins. Sköpuð verði góð umgjörð um gangandi og hjólandi umferð og hugað að stæðum fyrir hjól. Bílastæði í kjallara voru talin nokkuð góð hugmynd og ánægja með tillöguna í skipulagshugmyndinni um að opna niður í bílakjallara og að nýta þar svæði fyrir almenningsgarð. Bæði kom gagnrýni og jákvæðar umsagnir á að nýta bílastæði á yfirborði sem fjölnotasvæði.

Mikilvægt er talið að skjól nýtist og að byggingar skapi ekki vindstrengi. Talað um muninn á hvar sólar njóti fyrir ólíka hópa. Líklegra að íbúar eða fólk sem starfar á svæðinu geti notið sólar fyrri part dags en að fólk þurfi líka að geta notið sólar þegar heim er komið.

2.4 Þjónusta

Áhugaverð umræða kom fram um að nýta fjölþætta þjónustu á Eiðistorgi fyrir eldri borgara, að félagsstarf sé þar í opnu og aðgengilegu rými (húsnæði bankans nefnt), að sækja megi sér mat á veitingastað á torginu á sömu kjörum og að fá heimsendan mat. Ýta mætti enn frekar undir þetta með því að byggja upp íbúðir fyrir eldra fólk á og við Eiðistorgið.

Mjög margir nefndu að kaffihús yrði góð viðbót við torgið. Fólk myndi gjarnan vilja sjá fjölbreytni í verslunum á Eiðistorgi og hafa þar fleiri sérvöruverslanir. En jafnframt rætt að búðir skyldu vera færri og betri frekar en of margar. Varðandi stöðu Hagkaupa á torginu komu fram ýmis sjónarmið, einhverjir töldu að búðin þyrfti eitthvað mótvægi, aðrir að



búðin ætti að vera þannig staðsett að hún dragi fólk gegnum verslunarsvæðið. Þá voru mjög skiptar skoðanir á því hvort Bónus ætti að hafa búð á torginu eða ekki.

Nokkrir nefndu að það væri gott að hafa bensinstöð í bænum. Skiptar skoðanir voru um hversu nauðsynlegt væri að hafa banka. Rætt var um að hótél eða gististaður gæti verið góð hugmynd. Nefnt var að það væri kostur ef bæjarskrifstofurnar væru nær Eiðistorgi.

Almennt mikið rætt að hafa og viðhalda góðu aðgengi að Eiðistorginu og að lagfæra þyrfti útlit torgsins, lífga það upp og fegra.

2.5 Skipulag

Gegnumgangandi í umræðum um skipulagshugmyndina sem fyrir liggur var gagnrýni á of mikið byggingamagn og hæð húsa. Sér í lagi var þetta efni umræðna varðandi reiti M2 og M3 þar sem fólk sér fyrir sér að of há hús skyggi of á útsýni frá íbúðum sem fyrir eru og sumar nýlega reistar. Þá taldi fólk það ekki koma að sök þótt það þýddi að nýjar íbúðir yrðu færri. Áhyggjur voru um áhrif hárra nýbygginga á vindafar og taldi fólk að fá þyrfti þau áhrif upp á borðið.

Bæði komu fram gagnrýnisraddir á lausnina á reit M1 fjær Eiðistorginu og hrós fyrir skemmtilega lausn. Minna bar á beinum athugasemdum og tillögum varðandi sjálft Eiðistorgið að öðru leyti en það sem nefnt er í köflunum um *umhverfi* og *almenningsrými* og *þjónustu*.

Almennt virtist fólk telja leikskólana vel fyrir komna á sínum stað á M2 en að hugsanlega mætti koma fyrir lágreistri byggð einnig. Staðsetningin þykir góð vegna legu gagnvart umferð á leið úr bænum og vegna skjólsældar.

Á reit M3 var sem fyrr sagði mestar áhyggjur af hver áhrif byggðar yrðu á vindafar á svæðinu og svo á útsýni frá byggðinni sem fyrir er. Nýjar byggingar skyldu ekki verða hærri en sú byggð sem fyrir er.

Talið var að skoða þyrfti skipulagið með hliðsjón af Hrólfskálamel og skipulaginu þar ásamt því að draga næsta svæði kirkjunnar inn í vinnuna. Nefnt var að stöð fyrir Borgarlínu yrði til að auka tækifæri fyrir svæðið að vaxa.

3 Könnun

Gerð var könnun á því hvernig fólki fannst fundurinn með sendingu á netföng sem safnað var. Þátttaka var vart marktæk en 9 svör bárust. Karlar voru 78% svarenda en konur 22%. 5 svarenda voru fæddir á árunum 1955-1959 og aðrir svarendur á árunum 1936-1947. Allir svarendur eru íbúar á Seltjarnarnesi, um helmingur á skipulagssvæðinu.

Almennt var fólk nokkuð ánægt með kynningarnar. Fólk er hæfilega bjartsýnt á að skilaboðin rati í ákvarðanatökuna. Flestir töldu sig hafa lært nokkuð af þátttökunni í ferlinu sem verður að teljast fremur jákvæð niðurstaða. Þá var fólk fremur ánægt með þær forsendur sem samkeppnin byggði á. Fólk saknaði þess að hafa ekki fleira ungt fólk á fundinum sem rímar ágætlega við þann hóp sem svarar. Þá var umræðustjórnun misjöfn og fólk taldi að meiri tími hefði verið vel þeginn.

En það skal ítrekað að þetta eru fremur vísbendingar vel marktækar niðurstöður fyrir könnun af þessu tagi.





